

Zíkaveirleiðbeiningar fyrir mæðravernd



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir

Janúar 2018

Í mæðravernd er mælt með því að spyrja allar barnshafandi konur um ferðir til landa þar sem smit zíkaveira með biti moskítóflugna er þekkt, sjá nánar „Leiðbeiningar vegna ferða til svæða þar sem zíkaveira smitast með moskítóflugum. Ef barnshafandi kona hefur verið á ferð á slíkum svæðum er mælt til að frekari rannsóknir verði gerðar í samráði við kvensjúkdómalækna og hugsanlega smitsjúkdómalækna óháð því hvort hún var með sjúkdómseinkenni sem rekja má til zíkaveiru eða ekki.

Rannsóknir

Rannsóknir á hugsanlegri zíkaveirusýkingu skulu fyrst og fremst beinast að barnshafandi konum sem dvalist hafa á svæðum þar sem Zíkaveira smitast með moskítóflugum vegna hættunnar á fósturskaða (sjá flæðirit hér fyrir neðan). Ekki er mælt með rannsóknum á öðrum einstaklingum.

Þessar rannsóknir eru:

1. Ómskoðun á fóstri til að greina skaða á heila (kalkanir og/eða höfuðsmæð)

Þessa rannsókn má gera hvenær sem er á meðgöngunni en greiningin er öruggari á síðari hluta meðgöngunnar heldur en á fyrri hlutanum. Einnig getur þurft að gera endurteknar ómskoðanir til að greina vöxt höfuðs með öruggari hætti.

2. Rannsóknir sem beinast að því að staðfesta eða útiloka sýkingu af völdum Zíkaveiru

Þessar rannsóknir eru tvenns konar:

- a. Mótetnamæling í blóði IgM og/eða IgG. IgM mótetfni geta orðið greinanleg u.þ.b. 5 dögum eftir byrjun einkenna en túlkun mótetnasvars getur reynst erfið vegna mögulegrar krosssvörunar við aðrar skyldar veirur.
- b. Greining á erfðaeftni veirunnar (PCR). Þessi mæling er gerð á blóði og/eða þvagi sjúklings. Hægt er að sýna fram á veiruna í blóði í allt að eina viku eftir upphaf veikinda og í allt að 10 daga í þvagi. Einnig er hægt að mæla erfðaeftni í legvatni.

Á þessum tíma (febrúar 2016) er ekki hægt að greina Zíkaveiru á Íslandi og því verður að senda sýni til útlanda til greiningar. Áður en sýni er tekið til greiningar er mælt með að haft sé samband við vakthafandi sérfræðing á veirufræðideild Landspítala.

Við rannsókn á barnshafandi konum sem dvalist hafa á svæðum þar sem Zíkaveira smitast með moskítóflugum skal íhuga eftirfarandi:

- Ef konan er með einkenni Zíkaveirusýkingu við skoðun er mælt með blóðprufu, bæði í mótetnamælingu og í PCR mælingu.
- Ef konan er með sögu um einkenni sem geta stafað af Zíkaveiru en er einkennalaus við skoðun, er ráðlegt að taka blóðsýni í mótetnamælingu.

Flæðirit vegna rannsókna á barnshafandi konum sem ferðast hafa til svæða þar sem smit zíkaveiru berst með moskítóflugum

